

*Alþingi*  
*Erindi nr. P 133/994*  
*komudagur 16.2.2007*

Umhverfisnefnd Alþingis  
 Selma Hafliðadóttir  
 nefndarritari  
 Alþingi v/Austurvöll  
 150 REYKJAVÍK

Reykjavík, 15. febrúar 2007  
 2007020002/42-1-1  
 JGO/mfb

### **Vatnajökulspjóðgarður**

Vísað er til bréfs Alþingis, dags. 1. febrúar sl. þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu til þingsályktunar um frumvarp til laga um Vatnajökulspjóðgarð (þskj. 439 - 395. mál).

Náttúrufræðistofnun telur að hér sé mikið framfaraspor stigið í náttúruvernd og mælir með samþykkt frumvarpsins. Stofnunin tekur heils hugar undir þau meginmarkmið sem stefnt er að með stofnun þjóðgarðsins (sbr. 2. gr), þ.e. að vernda landslag, lífríki, jarðmyndanir og menningarminjar og auðvelda almenningi aðgengi án þess að náttúra hans spillist og veita fræðslu um svæðið. Náttúrufræðistofnun hefur hins vegar efasemdir um ágæti þess að stofnsetja þjóðgarðinn með sérlögum í stað þess að stofnsetja hann á grundvelli gildandi náttúruverndarlaga (nr.44/1999). Það stjórnskipulag sem frumvarpið gerir ráð fyrir gæti veikt og dreift ábyrgð á náttúruvernd og þjóðgördum til framtíðar.

Að mati Náttúrufræðistofnunar ná þau mörk þjóðgarðsins sem kynnt hafa verið aðeins til hluta þess svæðis sem æskilegt er að friða svo að ýmsar landslags- og náttúruheildir falli innan þjóðgarðsins. Af merkilegum svæðum og fyrirbærum sem út af standa má nefna: Hlaupummerki á efra vatnasviði Jökulsár á Fjöllum, ásamt austurbakka Jökulsárgljúfra og ósum árinna í Öxarfirði, sbr. fjölmargar tillögur þar að lútandi, til að tryggja verndun alls farvegs hinna fornu hamfarahlaupa; Kverkfjöll og Kverkfjallarana sem dæmi um heildstætt eldstöðvakerfi; Skeiðarársand sem myndar heild með Skeiðarárjökli og Grímsvötnum; Núpsstaðaland frá fjöru til fjalla sem dæmi um samspil náttúru og þjóðar, búskaparháttar og búsetulandslag og Austurgosbeltið milli Friðlands að Fjallabaki og Vatnajökuls (Skaftártunguafreittur og Tungnáröræfi) sem dæmi um lítt raskað eldvirkt svæði á heimsvísu.

Náttúrufræðistofnun gerir athugasemdir við þá stjórnsýslu sem ætlunin er að byggja upp í kringum Vatnajökulspjóðgarð, þ.e. að mynda enn eina ríkisstofnunina og jafnframt að veikja Umhverfisstofnun sem umsjónaraðila þjóðgarða. Að mati stofnunarinnar hefði átt að fela Umhverfisstofnun yfirumsjónina á grundvelli gildandi náttúruverndarlaga, enda gæti hún skv. þeim lögum samið um rekstur við aðra aðila. Með þessu frumvarpi er verið að koma á fót afar flóknu fyrirkomulagi varðandi stjórn Vatnajökulspjóðgarðs.



Tengsl þessarar nýju ríkisstofnunar við þær sem eru fyrir á þessu sviði, þá einkum Umhverfisstofnun og einnig Náttúrufræðistofnun, eru afar losaraleg og þyrfti að skilgreina vel.

Samkvæmt frumvarpinu skal verndaráætlun, sem unnin verður á næstu tveimur árum, tíunda frekar markmið náttúruverndar, einstakar verndaraðgerðir, landnýtingu og mannvirkjagerð í þjóðgarðinum, skilgreina vegi, reiðstíga, göngubrýr og gönguleiðir og kveða á um almannarétt og aðgengi ferðamanna. Í þessa upptalningu um innihald verndaráætlunar vantar að mati Náttúrufræðistofnunar ákvæði um frekari yfirlitsrannsóknir og lýsingu á náttúru þjóðgarðsins og ekki síst ákvæði um vöktun náttúru og helstu náttúruminja garðsins.

Virðingarfyllt



Jón Gunnar Ottósson

